

Samstarfsverkefni sveitarfélaga í Austur Húnavatnssýslu

Blönduós, Húnavatnshreppur, Skagabyggð, Skagaströnd

Júní 2008

Efnisyfirlit:

Efnisyfirlit:	2
Samstarfssamningur	3
Samþykktir fyrir byggðasamlag um Félags- og skólapjónustu Austur-Húnvetninga	6
Eigendur, nafn félags	6
Tilgangur, verkefni	6
Stjórn og skipulag	6
Fjármál og rekstur	7
Félagþjónusta/barnaverndarmál	8
Fræðsluskrifstofa	9
Öldrunarþjónusta	9
Endurskoðun og breytingar	10
Samþykktir fyrir Byggðasamlag um Tónlistarskóla Austur-Húnvetninga	11
Eigendur og nafn félags	11
Tilgangur og verkefni	11
Stjórn og skipulag	11
Fjármál og rekstur	12
Endurskoðun og breytingar	13
Samþykktir fyrir Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún	14
Eigendur og nafn félags	14
Tilgangur og verkefni	14
Stjórn og skipulag	14
Fjármál og rekstur	15
Endurskoðun og breytingar	16
Samningur um búfjáreftirlits- og fjallskilanefnd Austur-Húnnavatnssýslu	17

Samstarfssamningur

*Sveitarstjórnir Blönduósbæjar kt. 470169-1769, Húnvatnshrepps kt. 420106-1300,
Skagabyggðar kt. 540602-2630 og Sveitarfélagsins Skagastrandar kt. 650169-6039 hafa
ákvæðið með vísan til VIII. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, gera með sér svohljóðandi:*

s a m n i n g

*um samstarf á sameiginlegum verkefnum sveitarfélaganna sem hafa verið unnin skv. samningum
um héraðsnefnd og félagsþjónustu.*

1. gr.

Sveitarstjórnir samþykkja að fela byggðasamlögum eftirfarandi verkefni samkvæmt sérstökum samþykktum þar um:

- 1) Byggðasamlag um Tónlistarskóla Austur-Húnvatnssýslu yfirtekur rekstur og eftirtaldar eignir og skuldbindingar:**
 - a) Tónlistarkennslu í Austur-Húnvatnssýslu
 - b) Ráðningarsamninga við starfsmenn í föstu starfi og skuldbindingar sem af þeim leiða.
 - c) Samninga við Tónlistarfélag A-Hún um eignina Húnabraud 26.
 - d) Rekstur fasteignarinnar Bogabraut 10
 - e) Skuld vegna Bogabrautar 10 í Landsbanka.
 - f) Hljóðfæri og búnað tónlistarskólans skv. skrá um lausafjármuni skólans.
 - g) Viðskiptareikningur vegna rekstursins innan héraðssjóðs
- 2) Byggðasamlag um Héraðsskjallasafnið á Blönduósi, Kvennaskólann á Blönduósi og atvinnumál.**
 - a) Héraðsskjallasafnið að Hnjúkabyggð 30
 - i) Ráðningasamninga við starfsmenn í föstu starfi og skuldbindingar sem af þeim leiða.
 - ii) Fasteignina Hnjúkabyggð 30
 - iii) Skuld við Lánasjóð sveitarfélaga vegna Hnjúkabyggðar 30.
 - iv) Viðskiptareikningur vegna rekstursins innan héraðssjóðs
 - b) Kvennaskólann á Blönduósi
 - i) Rekstur eignarinnar skv. samningi við Menntamálaráðuneytið
 - ii) Leigusamningar
 - iii) Rekstur fasteignarinnar Kvennaskóli og Langavitleysa Árbraut 31
 - iv) Rekstur húseignanna Árbrauta 33 og 35
 - v) Viðskiptareikningur vegna rekstursins innan héraðssjóðs
 - c) Atvinnumálaneftnd Austur-Húnvetninga
 - d) Samningur við Hringrás ehf. um eyðingu brotamálma
 - e) Almannavarnir
- 3) Byggðasamlagi um Félagsþjónustu Austur Húnvetninga verði falin aukin verkefni með því að yfirtaka rekstur eignir og skuldbindingar eftirtalinna rekstrareininga:**
 - a) Fræðsluskrifstofu Austur-Húnvetninga
 - i) Samninga við starfsmenn og þær skuldbindingar sem af þeim leiða.

*Samstarfsverkefni sveitarfélaga
i Austur Húnvatnssýslu*

- ii) Annað sem rekstur fræðsluskrifstofu varðar
 - iii) Viðskiptareikningur vegna rekstursins innan héraðssjóðs
- b) *Dvalar- og hjúkrunarheimilið Sæborg*
- i) Ráðningarsamningar við starfsmenn og þær skuldbindingar sem af þeim leiða.
 - ii) Rekstur dvalar- og hjúkrunardeildar
 - iii) Rekstur fasteignar
 - iv) Skuldir við Íbúðalánsjóð L 140212/L 140135
 - v) Viðskiptareikningur vegna rekstursins innan héraðssjóðs
- c) *Rekstur íbúða aldraðra Ægisgrund 2-8*
- i) Leiga íbúða
 - ii) Rekstur fasteigna
- d) *Rekstur íbúða aldraðra Hnitbjörgum*
- i) Leiga íbúða
 - ii) Leiga samkomusalar
 - iii) Rekstur fasteignar
 - iv) Viðskiptareikningur vegna rekstursins innan héraðssjóðs

2. gr.

Byggðasamlögin skulu taka til starfa 1. júlí 2008.

3. gr.

Byggðasamlögin samkvæmt 1. gr. verða vistuð hjá eftirfarandi sveitarfélögum:

- Byggðasamlag um Tónlistarskóla Austur-Húnvatnssýslu – *Húnvatnshreppur*
- Byggðasamlag um félagsþjónustu, skólaþjónustu og öldrunarmál – *Sveitarfélagið Skagaströnd*
- Byggðasamlag um Héraðsskjalasafnið á Blönduósi, Kvennaskólann á Blönduósi og atvinnumál – *Blönduósbær*

Sérstakar samþykktir gilda um hvert byggðasamlag.

4. gr.

Sérstakir samningar milli sveitarfélaganna verði gerðir um:

- a) Búfjáreftirlitsnefnd og fjallskilanefnd Austur-Húnvetninga
- b) Gróðurverndar- og náttúruverndarnefnd

5. gr.

Eftirtöldum samningum sem Héraðsnefndin hefur verið aðili að fyrir hönd sveitarfélaganna verði breytt þannig að sveitarfélögin verði með beina aðild:

- Samningur um Byggðasafnið á Reykjum. Eign skiptist eftir íbúafjölda 1. desember 2007. Framlög árlega skiptist eftir íbúafjölda.
- Samningur um Farskóla Norðurlands vestra. Framlög skiptast árlega eftir íbúafjölda.
- Samningur um Fjölbautarskóla Norðurlands vestra. Eign skiptist eftir íbúafjölda 1. desember 2007.

6. gr.

Menningarsjóður Héraðsnefndar Austur-Húnvetninga verður lagður niður 31. desember 2008 og eignum hans skipt á milli sveitarfélaganna eftir íbúafjölda.

*Samstarfsverkefni sveitarfélaga
í Austur Húnvatnssýslu*

7. gr.

Árlega skulu framkvæmdastjórar sveitarfélaganna boða til kynningarfundar um sameiginleg hagsmunamál Austur-Húnvetninga. Á slíkum fundi geta málefni byggðasamlaganna verið til umfjöllunar. Kynningarfundir eru ályktunarhæfir en hafa ekki beint ákvörðunarvald um málefni byggðasamlaganna. Rétt til setu á slíkum fundum hafa sveitarstjórnarmenn og framkvæmdastjórar sveitarfélaganna.

8. gr.

Rekstri Héraðsnefndar Austur-Húnvetninga verður hætt 30.júní 2008. Fjárhagslegt uppgjör Héraðsnefndar skal þó ljúka eigi síðar en 31. desember 2008. Gert er ráð fyrir að styrkir og framlög til viðskiptaaðila héraðsnefndarinnar s.s. Byggðasafns að Reykjam, Farskóla NV og Heimiliðnaðarsafns verði greidd af héraðsnefnd á árinu 2008. Fjárhagsáætlun hvers byggðasamlags tímabilið 1. júlí til 31. desember 2008 verða lagðar fyrir sveitarstjórnir í júní 2008.

Blönduósi 6. maí 2008

f.h. Blönduóssbærar

Sveitarstjóri
Húnvatnshrepps
f.h. Húnvatnshrepps

Sveitarfélagið
Skagaströnd
Kt. 650169-6039

f.h. Sveitarfélagsins
Skagastrandar

Oddviti
Skagabyggðar
f.h. Skagabyggðar

Samþykktir fyrir byggðasamlag um Félags- og skólapjónustu Austur-Húnvetninga

I. Kafli

Eigendur, nafn félags

1. gr.

Sveitarstjórnir Blönduósbaejar kt. 470169-1769, Húnvatnshrepps kt. 420106-1300, Skagabyggðar kt. 540602-2630 og Sveitarfélagsins Skagastrandar kt. 650169-6039 hafa ákveðið með vísan til VIII. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 að reka byggðasamlag um Félags- og skólapjónustu Austur-Húnvetninga.

2. gr.

Byggðasamlagið heitir Félags- og skólapjónusta Austur-Húnvetninga kt. 680598-2319
Heimili þess og varnarþing er í Sveitarfélagini Skagaströnd.

II. Kafli

Tilgangur, verkefni.

3. gr.

Tilgangur byggðasamlagsins er að reka í sveitarfélögum þau verkefni sem þeim er skyldt að reka samkvæmt neðangreindum lögum með síðari breytingum og reglugerðum sem af lögumnum leiða:

1. Lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991
2. Barnaverndarlög nr. 80/2002
3. Lögum um grunnskóla nr. 66/1995
4. Lögum um leískóla nr. 78/1994

Auk fyrrgreindra laga er tilgangur byggðasamlagsins að uppfylla skilyrði samnings Félagsþjónustu A-Hún um málefni fatlaðra.

4. gr.

Byggðasamlagið er deildaskipt og greinist í eftirfarandi rekstrareiningar:

- Félagsþjónusta
- Skólapjónusta
- Öldrunarþjónusta

III. Kafli

Stjórn og skipulag

5. gr.

Stjórn byggðasamlagsins er skipuð einum fulltrúa og einum varamanni frá hverju sveitarfélagi. Kosið er í stjórnina að afloknum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára.

Sveitarstjórnir skulu kjósa fulltrúa í stjórn eigi síðar en 1. júlí á kosningaári. Oddviti Sveitarfélagsins Skagastrandar skal boða til fyrsta fundar.

Kjörgengir eru aðalmenn og varamenn í sveitarstjórn og framkvæmdastjórar sveitarfélaganna.

Um boðun stjórnarfunda og fundarsköp gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs formann og ritara á fyrsta fundi. Formaður stýrir fundum.

*Samstarfsverkefni sveitarfélaga
í Austur-Húnvatnssýslu*

Þóknun skal greidd fyrir hvern fund sem svarar 2,5% af þingfararkaupi á hverjum tíma. Laun formanns eru 50% hærri. Þóknun til stjórnarmanna er greidd af byggðasamlaginu.

6. gr.

Fundargerðir skal færa í sérstaka gerðarbók. Fundargerðir skal senda aðildarsveitarfélögum. Stjórn byggðasamlagsins getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók stjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir stjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarinss skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirritað af fundarmönnum. Einnig skulu stjórnarmenn setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

7. gr.

Hlutverk stjórnar byggðasamlagsins er:

- a) Að ráða félagsmálastjóra, fræðslustjóra og forstöðumann Sæborgar, ákvarða ráðningarkjör þeirra, starfsskipulag og setja þeim erindisbréf.
- b) Að skipa í félagsmálaráð/barnaverndarnefnd og setja því erindisbréf.
- c) Að skera úr um ágreining sem upp kann að koma varðandi starfsemina og vísað er til stjórnar.
- d) Að hafa eftirlit með öllum rekstri byggðasamlagsins sjá um að fylgt sé lögum og reglugerðum sem starfsemin heyrir undir og sjá um að gerðar séu áætlanir um rekstur samlagsins til skemmti og lengri tíma. Stjórnin skal gæta þess að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunateðferð og skal hún gera tillögur til eigenda um þau framtíðarmarkmið sem stefnt er að á hverjum tíma.
- e) Að koma fram fyrir hönd samlagsins gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum.
- f) Að fjalla um tillögur um verkefni næsta árs og afgreiða rekstrar- og fjárhagsáætlun.

Stjórninni er heimilt innan marka fjárhagsáætlunar, að ganga til samstarfs og samninga við aðila um einstök verkefni sem byggðasamlaginu kunna að vera falin.

IV. Kafli
Fjármál og rekstur.

8. gr.

Sveitarfélagið Skagaströnd sér um daglegan rekstur byggðasamlagsins. Þóknun sveitarfélagsins er 3,5% af heildarframlögum aðildarsveitarfélaganna ár hvert. Þóknunin gildir fyrir daglega umsýslu þ.m.t. skrifstofuhald án endurskoðunar.

Umsýslugjald vegna samnings um málefni fatlaðra er 3,5% samkvæmt samningi.

9. gr.

Byggðasamlagið er lögaðili við framkvæmd þjónustunnar og ber ábyrgð á öllum skyldum vegna hennar gagnvart íbúum sveitarfélaganna og starfsmönnum byggðasamlagsins.

10. gr.

Sameiginlegur kostnaður við rekstur byggðasamlagsins skal jafnað niður á sveitarfélögum á eftirfarandi hátt:

- Félagsþjónusta skiptist eftir íbúatölu.

*Samstarfsverkefni sveitarfélaga
í Austur Húnnavatnssýslu*

- Skólapjónusta skiptist 50% eftir nemendafjölda og 50% eftir íbúafjölda.
- Öldrunarþjónusta skiptist 50% eftir íbúafjölda og 50% eftir skatttekjum.

Með íbúafjölda er átt við íbúatölu eins og hún var 1. desember næstliðið ár.
Með nemendafjölda er átt við meðaltal fjölda nemenda vor- og haustannar ár hvert.
Með skatttekjum er átt við heildarskatttekjur sveitarfélaganna næstliðið ár að meðtoldum framlögum jöfnunarsjóðs án húsaleigubóta.

11. gr.

Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagastrandar gerir drög að fjárhagsáætlun í samráði við stjórn byggðasamlagsins. Senda skal drögin sveitarstjórn til umfjöllunar fyrir 1. nóvember ár hvert. Hafi ekki borist athugasemdir við drögin fyrir 1. desember skoðast þau samþykkt af viðkomandi sveitarstjórn.

Stjórн byggðasamlagsins afgreiðir fjárhagsáætlun endanlega og skal því lokið í desember.

12. gr.

Gjöldum sveitarfélaga skal skipt í jafnar mánaðargreiðslur með gjalddaga fyrsta hvers mánaðar og eindaga 15. dögum síðar. Verði dráttur á greiðslum skal reikna dráttarvexti.

13. gr.

Reikningar byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum Sveitarfélagsins Skagastrandar. Reikningarnir skulu endurskoðaðir í samræmi við 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

14. gr.

Sveitarfélög þau sem aðild eiga að byggðasamlaginu bera einfalda ábyrgð á fjárskuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda þegar uppgjörið fer fram.

15. gr.

Byggðasamlaginu er heimilt að selja öðrum sveitarfélögum þjónustu vegna verkefna byggðasamlagsins og skal stjórnin þá annað tveggja gera um það sérstakan samning eða samþykka gjaldskrá um þjónustuna.

V. Kafli
Félagþjónusta/barnaverndarmál.

16. gr.

Á fyrsta fundi eftir sveitarstjórnarkosningar skal stjórn Félags- og skólapjónustu kjósa félagsmálaráð / barnaverndarnefnd á starfssvæði sveitarfélaganna. Kjósa skal fimm aðalmenn og fimm til vara og er kjörtímabil þess 4 ár. Félagsmálaráð skal skipta með sér verkum og kjósa formann og varaformann úr hópi aðalmanna ráðsins. Félagsmálaráði er ætlað að starfa samkvæmt skilgreiningu III. kafla laga nr. 40/1991 og að auki er henni falið hlutverk barnaverndarnefndar, sbr. ákvæði laga nr. 58/1992 með áorðnum breytingum. Stjórn Félags- og skólapjónustu setur félagsmálaráði erindisbréf.

17. gr.

Verkefni Félagsþjónustu eru þau sem sérstaklega eru skilgreind sem sameiginleg verkefni á því sviði. Til sameiginlegs kostnaðar vegna félagsþjónustu telst allur kostnaður vegna starfa

*Samstarfsverkefni sveitarfélaga
i Austur Húnvatnssýslu*

félagsmálaráðs/ barnaverndarnefndar og allur kostnaður vegna skrifstofu félagsþjónustunnar.

Sameiginlegur kostnaður telst einnig:

- Aðkeypt vinna vegna úrræða fyrir skjólstæðinga félagsþjónustunnar, nema ef um er að ræða sérverkefni fyrir ákveðið sveitarfélag eða verkefni sem skilgreint er í 18. grein.
- Allur kostnaður sem skapast vegna mála er falla undir barnaverndarlög
- Liðveislu og önnur stuðningsúrræði til handa föltuðum sbr. lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992
- Fjárhagsaðstoð, lán, styrkir af hvaða toga sem er og falla undir VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og nánar er kveðið á um í reglum um fjárhagsaðstoð Félagsþjónustunnar.

18. gr.

Eftirfarandi kostnaðarliðir greiðast af lögheimilissveitarfélagi viðkomandi skjólstæðings. Félagsleg heimaþjónusta eins og hún er skilgreind í VII., X. og XI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um málefni aldraða og nánar er kveðið á um í reglum um heimilishjálp Félagsþjónustunnar.

Ferðabjónusta fatlaðra sbr. samþykktir Félagsþjónustu A-Hún um ferðabjónustuna (des 2007).

Allur sá kostnaður sem skapast vegna félagsstarfs aldraðra.

Annar tilfallandi kostnaður er skapast vegna skilgreindra verkefna einstakra sveitarfélaga.

VI. Kafli
Fræðsluskrifstofa.

19. gr.

Til sameiginlegs kostnaðar vegna fræðsluskrifstofu telst allur kostnaður vegna starfa fræðslustjóra og allur kostnaður vegna fræðsluskrifstofunnar svo sem:

Launakostnaður starfsmanna hennar, skrifstofuhald, ferða- og ráðstefnukostnaður og gjöld vegna námskeiða

Aðkeypt vinna sérfreðinga vegna greininga og stuðnings við nemendur með sérþarfir ss:

- 1) Sérkennslufræðileg greining og ráðgjöf
- 2) Sálfraeðileg greining og ráðgjöf
- 3) Talmeinafræðileg greining og ráðgjöf
- 4) Endur- og símenntun kennara og annarra starfsmanna skólanna
- 5) Þróunar – og endurbótastarf

20. gr

Allur kostnaður við námsvöl nemanda í öðrum skólum eða á stofnunum vegna aðstæðna eða sérþarfa greiðast af lögheimilissveitarfélagi viðkomandi. Sama gildir um kostnað vegna sérkennslu inni í skólum og annan tilfallandi kostnað er skapast vegna skilgreindra verkefna einstakra sveitarfélaga.

VII. Kafli
Öldrunarþjónusta.

21. gr.

Til sameiginlegs kostnaðar vegna öldrunarþjónustu er rekstrarkostnaður umfram tekjur af eftirtöldum einingum:

*Samstarfsverkefni sveitarfélaga
í Austur Húnavatnssýslu*

- Dvalarheimilinu Sæborg, Skagaströnd
- Hnitbjörgum, íbúðum aldraðra á Blönduósi.
- Íbúðum aldraðra á Skagaströnd.

22. gr.

Allur kostnaður vegna framkvæmdar heimilshjálpar og heimaþjónustu við aldraða og öryrkja greiðist af lögheimilssveitarfélagi viðkomandi. Sama gildir um allan kostnað vegna félagsstarfs eldri borgara.

VII. Kafli
Endurskoðun og breytingar.

23.

Sveitarfélög geta sagt upp aðild sinni að einstökum deildum í byggðarsamlaginu. Slík uppsögn jafngildir ekki heildaruppsögn á aðild að byggðasamlaginu. Um uppsögnina gilda að öðru leyti ákvæði 85. gr. sveitarstjórnarlaga.

24. gr.

Um endurskoðun á samþykktum þessum, úrgöngu úr byggðasamlaginu eða verði starfsemi þess hætt gilda ákvæði 83. gr. til 86 gr. sveitarstjórnarlaga.

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er fyrsta kjörtímabil stjórnar frá 1. júlí 2008 til næstu sveitarstjórnkosninga 2010.



f.h. Húnavatnshrepps
Sveitarstjóri
Húnavatnshrepps
Jón Ólafsson

Blönduósi 3. júní 2008

Sveitarfélagið
Skagaströnd
f.h. Sveitarfélagsins Skagaströndar
Magnús Þórhallsson 650 169-6039

f.h. Skagabyggðar Oddviti
Rafn Sigurðsson
Skagabyggðar
Rafn Sigurðsson

Samþykktir fyrir Byggðasamlag um Tónlistarskóla Austur-Húnvetninga

I. Kafli Eigendur og nafn félags

25. gr.

Sveitarstjórnir Blönduósbæjar kt. 470169-1769, Húnnavatnshrepps
kt. 420106-1300, Skagabyggðar kt. 540602-2630 og Sveitarfélagsins Skagastrandar kt.
650169-6039 hafa ákveðið með vísan til VIII. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 að stofna
byggðasamlag um rekstur Tónlistarskóla Austur-Húnvetninga.

26. gr.

Samlagið heitir Byggðasamlag Tónlistarskóla Austur-Húnvetninga
Heimili þess og varnarþing er í Húnnavatnshreppi.

II. Kafli Tilgangur og verkefni

27. gr.

Tilgangur byggðasamlagsins er að reka tónlistarskóla í Austur-Húnnavatnssýslu skv. gildandi
lögum og reglugerðum um tónlistarskóla og tónlistarfræðslu.

III. Kafli Stjórn og skipulag

28. gr.

Stjórn byggðasamlagsins er skipuð einum fulltrúa og einum varamanni frá hverju
sveitarfélagi. Kosið er í stjórnina að afloknum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára.
Sveitarstjórnir skulu kjósa fulltrúa í stjórn eigi síðar en 1. júlí á kosningaári. Oddviti
Húnnavatnshrepps skal boða til fyrsta fundar.
Kjörgengir eru aðalmenn og varamenn í sveitarstjórn og framkvæmdastjórar
sveitarfélaganna.
Um boðun stjórnarfunda og fundarsköp gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Stjórnin
skiptir með sér verkum og kýs formann og ritara á fyrsta fundi. Formaður stýrir fundum.
Þóknun skal greidd fyrir hvern fund sem svarar 2,5% af þingfararkaupi á hverjum tíma. Laun
formanns eru 50% hærri. Þóknun til stjórnarmanna er greidd af byggðasamlaginu.
Stjórn byggðasamlagsins gegnir hlutverki skólanefndar skv. lögum 75/1985, um fjárhagslegan
stuðning við tónlistarskóla.

29. gr.

Fundargerðir skal færa í sérstaka gerðarbók. Fundargerðir skal senda aðildarsveitarfélögum.
Stjórn byggðasamlagsins getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert
skal bóka í gerðabók stjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að
fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðatal
fundargerða. Viðstaddir stjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok
fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig
skulu stjórnarmenn setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem

*Samstarfsverkefni sveitarfélaga
í Austur Húnnavatnssýslu*

blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töeturöð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

30. gr.

Hlutverk stjórnar byggðasamlagsins er:

- g) Að ráða skólastjóra og ákvarða ráðningarkjör hans, ákvarða starfsskipulag og setja erindisbréf.
- h) Að skera úr um ágreining sem upp kann að koma varðandi starfsemina og vísað er til stjórnar.
- i) Að hafa eftirlit með öllum rekstri byggðasamlagsins sjá um að fylgt sé lögum og reglugerðum sem starfsemin heyrir undir og sjá um að gerðar séu áætlanir um rekstur samlagsins til skemmri og lengri tíma. Stjórnin skal gæta þess að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunameðferð og skal hún gera tillögur til eigenda um þau framtíðarmarkmið sem stefnt er að á hverjum tíma.
- j) Að koma fram fyrir hönd samlagsins gagnvart stjórvöldum og öðrum aðilum.
- k) Að fjalla um tillögur um verkefni næsta árs og afgreiða rekstrar- og fjárhagsáætlun.
- l) Að semja reglugerð fyrir Tónlistarskólann og leggja fyrir sveitarstjórnir og fá staðfestingu ráðherra.

Stjórninni er heimilt innan marka fjárhagsáætlunar, að ganga til samstarfs og samninga við aðila um einstök verkefni sem byggðasamlaginu kunna að vera falin.

IV. Kafli
Fjármál og rekstur

31. gr.

Húnnavatnshreppur sér um dagslegan rekstur byggðasamlagsins. Þóknun Húnnavatnshrepps er 3,5% af heildarframlögum aðildarsveitarfélaganna ár hvert. Þóknunin gildir fyrir daglega umsýslu þ.m.t. skrifstofuhald án endurskoðunar.

32. gr.

Byggðasamlagið er lögaðili við framkvæmd þjónustunnar og ber ábyrgð á öllum skyldum vegna hennar gagnvart íbúum sveitarfélaganna og starfsmönnum byggðasamlagsins.

33. gr.

Sameiginlegur kostnaður við rekstur byggðasamlagsins er fjármagnaður með nemendagjöldum sem stjórn ákveður og með framlögum sveitarfélaganna. Framlögum sveitarfélaganna skal skipt annars vegar 60% eftir nemendafjölda og hins vegar 40% eftir íbúafjölda 1. desember næstliðið ár.

Kostnaður vegna lúðrasveitar skiptist á milli sveitarfélaga eftir lögheimilum þáttakenda.

34. gr.

Sveitarstjóri Húnnavatnshrepps gerir drög að fjárhagsáætlun í samráði við stjórn byggðasamlagsins. Senda skal drögin sveitarstjórnunum til umfjöllunar fyrir 1. nóvember ár hvert. Hafi ekki borist athugasemdir við drögin fyrir 1. desember skoðast þau sampykkt af viðkomandi sveitarstjórn.

Stjórn byggðasamlagsins afgreiðir fjárhagsáætlun endanlega og skal því lokið í desember.

Samstarfsverkefni sveitarfélaga
í Austur Húnavatnssýslu

35. gr.

Gjöldum sveitarfélaga skal skipt í jafnar mánaðargreiðslur með gjalddaga fyrsta hvers mánaðar og eindaga 15. dögum síðar. Verði dráttur á greiðslum skal reikna dráttarvexti.

36. gr.

Reikningar Tónlistarskólans skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum Húnvatnshrepps. Reikningarnir skulu endurskoðaðir í samræmi við 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

37. gr.

Sveitarfélög þau sem aðild eiga að byggðasamlaginu bera einfalda ábyrgð á fjárskuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda þegar uppgjörið fer fram.

38. gr.

Byggðasamlaginu er heimilt að selja öðrum sveitarfélögum þjónustu vegna verkefna byggðasamlagsins og skal stjórnin þá annað tveggja gera um það sérstakan samning eða samþykka gjaldskrá um þjónustuna.

V. Kafli
Endurskoðun og breytingar

39. gr.

Um endurskoðun á samþykktum þessum, úrgöngu úr byggðasamlaginu eða verði starfsemi þess hætt gilda ákvæði 83. gr. til 86 gr. sveitarstjórnarlaga.

Ákvæði til bráðabirgða

Prátt fyrir ákvæði 4. gr. er fyrsta kjörtímabil stjórnar frá 1. júlí 2008 til næstu sveitarstjórnarkosninga 2010.

Að ári liðnu frá undirskrift skulu aðilar taka ákvæði 4. gr. um að stjórn samlagsins gegni hlutverki skólanefndar tónlistarskólans til endurskoðunar.

Blönduði 3. júní 2008


f.h. Blönduðssöðvar
Sveitarstjóri
Húnavatnshrepps
f.h. Húnavatnshrepps


Sveitarfélagið
Skagaströnd
f.h. Sveitarfélagsins Skagastranda Kt. 650169-6039


Oddviti
Skagabyggðar
f.h. Skagabyggðar

Samþykktir fyrir Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún.

VI. Kafli

Eigendur og nafn félags

40. gr.

Sveitarstjórnir Blönduósbæjar kt. 470169-1769, Húnnavatnshrepps kt. 420106-1300, Skagabyggðar kt. 540602-2630 og Sveitarfélagsins Skagastrandar kt. 650169-6039 hafa ákveðið með vísan til VIII. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 að stofna byggðasamlag um rekstur Héraðsskjaliasafnsins á Blönduósi, Kvennaskólans á Blönduósi, atvinnumálanefndar Austur-Húnvetninga.

41. gr.

Samlagið heitir Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún.
Heimili þess og varnarþing er á Blönduósi.

VII. Kafli

Tilgangur og verkefni

42. gr.

Tilgangur samlagsins er að eiga og reka Héraðsskjaliasafnið á Blönduósi, Kvennaskólann á Blönduósi og reka sameiginlega atvinnumálanefnd fyrir Austur-Húnnavatnssýslu.

43. gr.

Byggðasamlagið annast eftirfarandi verkefni:

- Héraðsskjaliasafnið á Blönduósi
- Kvennaskólinn á Blönduósi
- Atvinnumálanefnd Austur-Húnnavatnssýslu
- Samning vegna brotamálma

Auk framangreindra verkefna tilnefnir stjórn byggðasamlagsins fulltrúa í:

- stjórn byggðasafnsins á Reykjunum
- fulltrúaráð Farskóla Norðurlands vestra
- skólanefnd Fjölbautarskóla Norðurlands vestra
- almannavarnanefnd Húnnavatnssýslna

VIII. Kafli

Stjórn og skipulag

44. gr.

Stjórn byggðasamlagsins er skipuð einum fulltrúa og einum varamanni frá hverju sveitarfélagi. Kosið er í stjórnina að afloknum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára.

Sveitarstjórnir skulu kjósa fulltrúa í stjórn eigi síðar en 1. júlí á kosningaári. Forseti bæjarstjórnar Blönduóssbæjar skal boða til fyrsta fundar.

Kjörgengir eru aðalmenn og varamenn í sveitarstjórn og framkvæmdastjórar sveitarfélaganna.

Um boðun stjórnarfunda og fundarsköp gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs formann og ritara á fyrsta fundi. Formaður stýrir fundum.

*Samstarfsverkefni sveitarfélaga
i Austur Húnvatnssýslu*

Þóknun skal greidd fyrir hvern fund sem svarar 2,5% af þingfararkaupi á hverjum tíma. Laun formanns eru 50% hærri.

Þóknun til stjórnarmanna er greidd af byggðasamlaginu.

45. gr.

Fundargerðir skal færa í sérstaka gerðarbók. Fundargerðir skal senda aðildarsveitarfélögum. Stjórn byggðasamlagsins getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók stjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir stjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarinss skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirritað af fundarmönnum. Einnig skulu stjórnarmenn setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

46. gr.

Hlutverk stjórnar byggðasamlagsins er:

- m) Að ráða starfsfólk í samráði við bæjarstjóra Blönduóssbæjar og setja því erindisbréf/starfslýsingu eftir því sem við á.
- n) Að skera úr um ágreining sem upp kann að koma varðandi starfsemina og vísað er til stjórnar.
- o) Að hafa eftirlit með öllum rekstri byggðasamlagsins sjá um að fylgt sé lögum og reglugerðum sem starfsemin heyrir undir og sjá um að gerðar séu áætlanir um rekstur samlagsins til skemmi og lengri tíma. Stjórnin skal gæta þess að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunateðferð og skal hún gera tillögur til eigenda um þau framtíðarmarkmið sem stefnt er að á hverjum tíma.
- p) Að koma fram fyrir hönd samlagsins gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum.
- q) Að fjalla um tillögur um verkefni næsta árs og afgreiða rekstrar- og fjárhagsáætlun.

Stjórninni er heimilt innan marka fjárhagsáætlunar, að ganga til samstarfs og samninga við aðila um einstök verkefni sem byggðasamlaginu kunna að vera falin.

IX. Kafli
Fjármál og rekstur

47. gr.

Blönduósbaer sér um dagslegan rekstur byggðasamlagsins. Þóknun Blönduóssbæjar er 3,5% af heildarfamlögum aðildarsveitarfélaganna ár hvert. Þóknunin gildir fyrir daglega umsýslu þ.m.t. skrifstofuhald án endurskoðunar.

48. gr.

Byggðasamlagið er lögaðili við framkvæmd þjónustunnar og ber ábyrgð á öllum skyldum sveitarfélaganna gagnvart íbúum sveitarfélaganna og starfsmönnum byggðasamlagsins.

49. gr.

Sameiginlegum kostnaði skal jafnað niður á sveitarfélögin ár hvert á eftifarandi hátt. 50% eftir íbúafjölda 1. desember næstliðins árs og 50% eftir skatttekjum skv. ársreikningi næstliðins árs..

50. gr.

*Samstarfsverkefni sveitarfélaga
i Austur Húnavatnssýslu*

Bæjarstjóri Blönduóss gerir drög að fjárhagsáætlun í samráði við stjórn byggðasamlagsins. Senda skal drögin sveitarstjórnunum til umfjöllunar fyrir 1. nóvember ár hvert. Hafi ekki borist athugasemdir við drögin fyrir

1. desember skoðast það samþykkt af viðkomandi sveitarstjórn.

Stjórn byggðasamlagsins afgreiðir fjárhagsáætlun endanlega og skal því lokið í desember.

51. gr.

Gjöldum sveitarfélaga skal skipt í jafnar mánaðargreiðslur með gjalddaga fyrsta hvers mánaðar og eindaga 15. dögum síðar. Verði dráttur á greiðslum skal reikna dráttarvexti.

52. gr.

Reikningar byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum Blönduóssbæjar. Reikningarnir skulu endurskoðaðir í samræmi við 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

53. gr.

Sveitarfélög þau sem aðild eiga að byggðasamlaginu bera einfalda ábyrgð á fjárskuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda þegar uppgjörið fer fram.

54. gr.

Byggðasamlaginu er heimilt að selja öðrum sveitarfélögum þjónustu vegna verkefna samlagsins og skal stjórnin þá annað tveggja gera um það sérstakan samning eða samþykka gjaldskrá um þjónustuna.

X. Kafli
Endurskoðun og breytingar

55. gr.

Sveitarfélög geta sagt upp aðild sinni að einstökum deildum í byggðarsamlaginu. Slík uppsögn jafngildir ekki heildaruppsögn á aðild að byggðasamlaginu. Um uppsögnina gilda að öðru leyti ákvæði 85. gr. sveitarstjórnarlaga.

56. gr.

Um endurskoðun á samþykktum þessum, úrgöngu úr byggðasamlaginu eða verði starfsemi þess hætt gilda ákvæði 83. gr. til 86 gr. sveitarstjórnarlaga.


Ákvæði til bráðabirgða

Prátt fyrir ákvæði 5. gr. er fyrsta kjörtímabil stjórnar frá 1. júlí 2008 til næstu sveitarstjórnarkosninga 2010.


f.h. Blönduóssbæjar
Sveitarstjóri
Húnavatnshrepps
f.h. Húnavatnshrepps

Blönduósi 3. júní 2008


Sveitarfélagið
Skagaströnd
f.h. Sveitarfélagsins
Skagastrandar
Kt. 650169-6039


Oddityi
Skagabyggðar
f.h. Skagabyggðar

Samningur um búfjáreftirlits- og fjallskilanefnd Austur-Húnvatnssýslu.

Blönduósbaer kt. 470169-1769, Húnvatnshreppur kt 420106-1300, Skagabyggð kt. 540602-2630 og Sveitarfélagið Skagaströnd kt. 650169-6039, gera með sér svohljóðandi samning:

1. Stofnuð verði búfjáreftirlits- og fjallskilanefnd Austur-Húnvatnssýslu í samræmi við lög um búfjárhald o.fl. nr.103/2002. Nefndin sér um framkvæmd þeirra laga fyrir aðildarsveitarfélögin. Einnig fer nefndin með málefni sem héraðsnefndum eru falin samkvæmt lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 með síðari breytingum. Nefndin starfar í umboði sveitarfélaganna.
2. Nefndin er skipuð einum fulltrúa og einum varamanni frá hverju sveitarfélagi. Kosið er í nefndina að afloknum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára. Fyrsta kjörtímabil er þó frá 1. júlí 2008 til næstu sveitarstjórnarkosninga. Oddviti Skagabyggðar kallar nefndina saman til fyrsta fundar eftir kosningar, eigi síðar en 31. júlí. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum og kýs formann og ritara á fyrsta fundi sínum.
3. Nefndin gerir ráðningarsamning um búfjáreftirlit. Í þeim samningi skal koma fram kostnaður við búfjáreftirlitið og hvernig honum er skipt milli sveitarfélaganna. Búfjáreftirlitsmaður innheimtir umsamda greiðslu beint frá hverju og einu sveitarfélagi í samræmi við ráðningasamning.
4. Búfjáreftirlits- og fjallskilanefnd Austur-Húnvatnssýslu yfirtekur frá og með 1. júlí 2008 samning héraðsnefndar og Ráðunautabjónustu Húnabings og Stranda um búfjáreftirlit og semur um nauðsynlegar breytingar á honum í samræmi við samning þennan.
5. Sveitarfélag formanns nefndarinnar sér um að greiða nefndarmönnum laun fyrir fundi og akstur. Sveitarfélag formannsins innheimtir hluti hinna sveitarfélaganna í kostnaði við störf nefndarinnar og annan kostnað sem til fellur samkvæmt samningi þessum og ekki er innheimtur beint hjá viðkomandi sveitarfélagi.

Þóknun skal greidd fyrir hvern fund sem svarar 2,5% af þingfararkaupi á hverjum tíma. Laun formanns eru 50% hærri.

6. Kostnaði við störf nefndarinnar og öðrum kostnaði sem til fellur skal skipt milli sveitarfélaganna að 50% eftir fjölda forðagæsluskýrslna og 50% eftir búfjárfjöldastuðli. Við útreikning á búfjárfjöldastuðli hefur hver stórgripur margfeldið 5 en sauðfé margfeldið 1. Kostnaður sem verður samkvæmt 9. 15. og 16. gr laga nr. 103/2002 skal greiddur af viðkomandi sveitarfélagi.

Blönduósi 3. júní 2008

Sveitarfélagið

Magnús Þórhilsson
Skagaströnd
f.h. Sveitarfélagsins Skagastranda
tel. 650169-6039

f.h. Húnvatnshrepps

Sveitarstjóri
Húnvatnshrepps

Rafn Sigurðsson
Oddviti
Skagabyggðar

Samningur um gróður- og náttúruverndarnefnd Austur-Húnavatnssýslu.

Blönduósbær kt. 470169-1769, Húnavatnshreppur kt 420106-1300, Skagabyggð kt. 540602-2630 og Sveitarfélagið Skagaströnd kt. 650169-6039, gera með sér svohljóðandi samning:


1. Stofnuð verði gróður- og náttúruverndarnefnd Austur-Húnavatnssýslu í samræmi við lög nr. 17/1965, um landgræðslu með síðari breytingum og laga nr. 44/1999, um náttúruvernd með síðari breytingum. Nefndin sér um framkvæmd þeirra laga fyrir aðildarsveitarfélögin. Nefndin starfar í umboði sveitarfélaganna.
2. Nefndin er skipuð einum fulltrúa og einum varamanni frá hverju sveitarfélagi samkvæmt tilnefningu Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda sbr. lög nr. 17/1965, um landgræðslu. Kosið er í nefndina að afloknum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára. Fyrsta kjörtímabil er þó frá 1. júlí 2008 til næstu sveitarstjórnarkosninga. Oddviti Skagabyggðar kallar nefndina saman til fyrsta fundar eftir kosningar, eigi síðar en 31. júlí. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum og kýs formann og ritara á fyrsta fundi sínum.


Sveitarfélag formanns nefndarinnar sér um að greiða nefndarmönnum laun fyrir fundi og akstur. Sveitarfélag formannsins innheimtir hluti hinna sveitarfélaganna í kostnaði við störf nefndarinnar og annan kostnað sem til fellur samkvæmt samningi þessum og ekki er innheimtur beint hjá viðkomandi sveitarfélagi. Þóknun skal greidd fyrir hvern fund sem svarar 2,5% af þingfararkaupi á hverjum tíma. Laun formanns eru 50% hærri.

3. Sameiginlegum kostnaði skal jafnað niður á sveitarfélögin ár hvert á eftirfarandi hátt. 50% eftir íbúafjölda 1. desember næstliðins árs og 50% eftir skatttekjum skv. síðasta ársreikningi.

Blönduði 3. júní 2008


Sveitarstjóri
Húnavatnshrepps
f.h. Húnavatnshrepps


Sveitarfélagið
Skagaströnd
f.h. Sveitarfélagsins
Skagaströndar
kl. 650169-6039


Oddviti
Skagabyggðar
Rafn Sigurðsson
f.h. Skagabyggðar